

Innköllun á karrýsild vegna vanmerkts ofnæmisvalds

Ósnes (A567) á Djúpavogi kallar inn karrýsild sem hefur verið dreift m.a. í Fiskás á Hellu og Garra sem svo dreifir því áfram á m.a. hótélkeðjur á Íslandi. Varan er talin hættuleg neytendum með óþol/ofnæmi fyrir eggjum eða sinnepsdufti.

Þeir sem hafa keypt vöruna og eru með ofnæmi/óþol fyrir áðurnefndum tegundum geta skilað vörunni til baka þar sem hún var keypt.

Hafa má samband við söluaðila eða beint við Ósnes á Djúpavogi í síma 849-3441 eða í netfang osnes@simnet.is.